

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð, skjalagerð og yfirllestur ýmiss konar og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísar til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjórnaskipta, sbr. 36. gr.	10.500
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr.	5.500
C) Fyrir áfangaúttekt, sbr. 48. gr.	5.500
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	10.500
E) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.500

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirllestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
<i>Samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998:</i>	
A) Lokaúttektarvottorð, sbr. 54. gr.	6.000
B) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.	16.500
C) Stöðuvottorð, sbr. 55. gr.	6.000
<i>Samkvæmt sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:</i>	
D) Stofnskjalagerð, stór	10.000
E) Stofnskjalagerð, lítil	3.000
F) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsingar, stórrar	20.000
G) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsingar, lítillar	10.000
H) Samrunaskjalagerð	15.000
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	55.000
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	30.000

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 8.500.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða, sbr. 4. gr. er við afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds, sbr. 5. gr. er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.